

Nýir félagsmenn

Við bjóðum nýja Ármenn velkomna í hópinn og tökum vel á móti þeim í félagsheimilinu, sem og á veiðisvæðum okkar næsta sumar.

Nr. 690 Einar Júlíusson Hlíðarhjalla 74 200 Kópavogi 868 4417
Nr. 691 Andrew James Horne Mánagötu 25 240 Grindavík

Sumir velja sér
tvo lífsförunauta
um ævina

Scott
er annar þeirra

Flugustangir með lífstíðarábyrgð

Útsöluastaðir:

Intersport

J. Vilhjálmsson

Útilíf

Veiðibúðin við Lækinn

Vesturröst

AV047 63

ARMENN

Pósthólf 8444, 128 Reykjavík

Landsfélag um þjóðlega náttúruvernd og stangveiði með flugu,
Árósum, Dugguvogi 13, 104 Reykjavík, sími 568 6051.

Ritstjórn og ábyrgð: Ragnar Hólm, ragnarh@akureyri.is.

www.armenn.is / armenn@armenn.is

ÁRÓÐUR

Fréttabréf Ármanna

Mars 2003

Fljúgandi myrkur

Ég vakna við fuglasöng. Það er biksvartur fugl á þakskegginu að syngja mér öll sín fegurstu ljóð. Hrafninn. Í mínum huga er engin spurning að hann er fegurstur íslenskra fugla. Langflottastur. Dularfullur, torræður, einrænn og til alls líklegur.

Ég kalla það fuglasöng sem flestir vildu kannski kalla garg eða krunk. Kristján frá Djúpalæk orti heila bók um þennan fugl og kallaði hann fljúgandi myrkur. Það er mikið af þessum fuglum á Akureyri yfir vetrartímann en þegar líður að vori hópa þeir sig saman, halda sín þing, og eru líklega að leggja á ráðin um sumarið, skipta með sér svæðum og jafnvel velja sér félag. Athöfn sem minnir dálítið á hátterni veiðimanna á vorin.

Úr töluverðri fjarlægð hef ég fylgst með starfi Ármanna í vetur. Hef því miður allt of sjaldan komist til fundar við þá en hringi með jöfnu millibili í félagana til að hlera og forvitnast um gang mála.

Mér hefur verið greint frá nokkurri félagsdeifð og að það hafi fyrst verið síðasta miðvikudaginn í mars að mæting varð viðun-

andi á fræðslukvöld í Árósum. Þá voru Bragi Guðbrandsson og einhverjir jafnaldrar hans að fjalla um silungasvæðið í Vatnsdalsá.

Loksins loksins skrifu Ármenn þá úr hýði sínu og hópuðu sig til að læra og leggja á ráðin um sumarið, skipta með sér svæðum, spá og spegúlera. Ég afþakkaði til dæmis leyfið mitt í Vatnsdalnum og það seldist á staðnum síðasta miðvikudagskvöld.

Einhver auðtrúa maður trúði krunkinu í Braga og keypti leyfið. Ég hef að vísu átt því láni að fagna að veiða ágætlega í Vatnsdalnum en það eru ekki öll hrafnþingin jafn gáfuleg og krunkið getur leitt mann á glapstigu. Þess vegna gaf ég eftir leyfið sem mér var úthlutað og vil að aðrir fái að njóta.

Ragnar Hólm Ragnarsson # 511

Ertu með netfang?

Skorað er á félagsmenn að láta stjórn í té netföng sín. Það er mikilvægt til þess að hægt sé að koma skilaboðum um veiðidaga sem losna, tilboð og fleira til ykkar með stuttum fyrirvara. Það margborgar sig vað vera með netfangið á skrá hjá Ármönnum. Sendu póst á armenn@armenn.is og skráðu þig á listann.

Stjórnin

Dagskráin í Árósum

Mánudagskvöldið 7. apríl	kl. 20.00:	Sigurður Pálsson hnýtir flugur sínar.
Miðvikudagskvöldið 9. apríl	kl. 20.00:	Arnarvatnsheiði með augum Guðmundar Hauks og Pálma flugstjóra.
Laugardagurinn 12. apríl	kl. 14.00:	Vorfagnaður Ármanna.
Miðvikudagskvöldið 23. apríl	kl. 20.00:	Jóhannes Sturlaugsson fiskifræðingur kynnir rannsóknir sínar.
Miðvikudagskvöldið 30. apríl	kl. 20.00:	Hlíðarvatn í Selvogi: Kolbeinn Grimsson og Ragnar Hólm segja frá.
Mánudagskvöldið 5. maí	kl. 20.00:	Listahnýtarinn Steve Thornton kemur í heimsókn.

Opið öll mánudags- og miðvikudagskvöld frá 20-22.

Heiðarlífið er engu líkt. Þar er frelsið mest og ævintýrin bíða við hvert fótmál. **Miðvikudagskvöldið 9. apríl ætla Guðmundur Haukur og Pálmi flugstjóri að fræða áhugasama um dýrðir vatnaveiðinnar á Arnarvatnsheiði og Skagaheiði en þar eru þeir félagar hverjum hnúti kunnugir. Missið ekki af skemmtilegri veiðilýsingu í Árósum. Takið með ykkur gesti. Allir velkomnir.**

Afsláttur til Ármanna

Athygli félagsmanna er vakin á því að ýmsar verslanir bjóða okkur sérstakan afslátt gegn framvísun félagsskírteinis. Hér að neðan eru gagnlegar upplýsingar sem gott er að kíkja á skömmu áður en kaupæðið rennur á veiðimennina.

Útivist og veiði	Síðumúla 11	15% afsláttur
Veiðihornið	Hafnarstræti 5 / Síðumúla 8	10% afsláttur í netklúbbi
Vesturröst	Laugavegi 178	10-15% afsláttur
Veiðivon	Mörkinni 6	10% afsláttur

Ég hef góðs að minnst og sakna þeirra félaga sem látnir eru og bið ykkur um að rísa úr sætum og sýna þeim virðingu okkar.

Hér hef ég í möppu sett öll bréfin sem ég fékk send fyrir 30 árum merkt: Ísland fyrir Íslendinga og leyfi mér að afhenda þau félaginu.

Megi gæfa fylgja störfum Ármanna alla tíð

Jón Hjartarson

SIÐAREGLUR ÁRMANNA

*Ármaður virðir: íþrótt,
bráð,
land og
annan mann*

Reglurnar eru aðeins gagnorð lýsing, við hæfi fullorðinna, á kurteisi veiðimanns, og ber að túlka þannig:

Ármaður, sem veiðir eingöngu á flugu, metur íþrótt umfram aflamagn. Hann hlítir veiðireglum í hvívetna, er hófsamur í veiði og fer vel með feng. Hann ræðir af háttvísi um veiðibráð, fer með gát að öllu lífi, heiðrar veiðivatn með nærveru sinni í orði og æði, og skilur ekki eftir annað en sporin sín.

Ármaður deilir veiðigleði með félögum sínum, berst lítt á við veiðiskap og er hæverskur áhorfandi.

Ármaður gengur frá veiðihúsi hreinu, virðir vel bónda og lokar hliðinu á eftir sér.

*Hér með er samþykki mitt á siðareglunum formlega staðfest,
sbr. lög Ármanna gr. 4,4.*

undirskrift

félaga nr.

dags.

Víðidalsá, Langá, Laxá í Leirársveit, Grímsá, Hítará, Straumfjarðará, Haukadalsá, Haffjarðará og fleirum.

Stærsta veiðifélagið ákveður að taka undan "útlendingatíma" í Norðurá.

Orðið - útlendingatími - fer illa í marga og það eru miklar tilfinningar í málinu.

En það er líka í sjálfum ánum sem tímar eru að breytast.

Eldri kynslóðin, sem hafði veitt á maðkana sína með langrennsli og lítilli sökku oftast, eða þverkasti af eyri undir bakka, dró úr veiðuleyfakaupum vegna þess hvað þau höfðu hækkað í verði - og þeir sem hættu höfðu mjög margir gengið til veiðanna með mikilli ró, í skyrtu og bindi og skosku tvíti og gefið veiskapnum góðan stíl.

Í árnar var komin ný kynslóð - og hún beitti möðkunum upp á girmið og hafði öngulinn beran. Gekk á stömu fílti og í vöðlum upp í handarkrika og aðal veiðitækin voru sökukur og polaroid-gleraugu. Mennt voru oftast tveir saman, annar til að leita í hyljum og stýra, hinn til að lauma "buffinu" upp í kjaftinn á laxinum.

Aðeins nokkrir fáir virtust vita það að veiðiskapur felst í því að láta laxinn og silunginn sækja agnið.

Það var við þessar kringumstæður, sem ég ákvað að auglýsa eftir mönnum og konum með svipað hugarfar til sportveiða og náttúrugæða og ég hafði sjálfur og veiðifélagar mínir.

Ég setti auglýsingar í Morgunblaðið og Tímann, sem birtust 19nda desember '72 - og sagði engum frá. Auglýsingin vakti eftirtekt og veiðifélagarnir hringdu í mig til að benda mér á hana og bræður mínir og margir fleiri. Hún var á þessa leið: Fluguveiði ...

Víðbrögðin voru ágæt og það bárust 49 svör með miklu fleiri nöfnum - þau eru hérna - og þar á meðal nöfnum bræðra minna og veiðifélaga og margra annara sem ég þekkti af góðu, svo ég ákvað að fylgja þessu eftir og auglýsa undirbúningsfund undir hugsanlegan stofnfund á Hótel Loftleiðum fimmtudaginn 11. Janúar 1973 klukkan 20.00.

Þarna mætti ég svo rétt fyrir átta um kvöldið og settist út í sal og beið eins og aðrir og smám saman komu fleiri og fleiri og allir skyngdust um eftir höfuðpaorum því enginn var uppi á palli. Svo stóð ég upp og flutti framsöguerindi og sagði frá því hvað mér bjó í brjósti.

Ég þurfti engu að kviða. Á fundinum voru menn, sem voru sammála því sem ég sagði og tóku strax forustuna. Mig minnir að það hafi verið hann Bjarni okkar Kristjánsson, sem fór fyrstur í pontu og svo komu margir á eftir honum.

Á fundinum voru nokkrir menn valdir í að undirbúa stofnun félags um þessi áhugamál og vann hún sín störf einstaklega vel. Má þar marga nefna til - Vilhjálmi Lúðvíksson, Jón heitinn Ingimarsson, Guðmund Árnason, Bjarna Kristjánsson og marga fleiri, sem ýmist komu beint að málinu eða voru spurðir ráða, svo sem Kolbein Grímsson, Kristjá heitinn Gíslason, Stefá heitinn Jónsson og fleiri og fleiri.

Félagið var svo stofnað og lög þess samþykkt og ég, sem var erlendis í nokkra mánuði þennan vetur, frétti að ég hefði verið kjörinn fyrsti formaður þess. Félagar urðu mjög fljótt 122.

Framhaldið er svo í fundargerðarbókum, en stjórnin hélt 18 fundi fyrsta árið og var fjarskalega dugleg. Kálfá í Gnúpverjahreppi varð nokkurskonar tilraunaverkefni og í það var ráðist að leigja silungasvæðið í Laxá í Dingeyjarsýslu ofan Brúa og fékk félagið þar með 2880 dagsstangir til ráðstöfunar og má af því sjá að við vorum töluvert stórhuga - enda ætluðum við okkur ekki að vera klúbbur - heldur landsfélag. Þeir góðu félagar okkar Kolbeinn Grímsson og Þorsteinn Þorsteinnsson fóru margar ferðir þetta fyrsta sumar út á land, héldu kastæfingar og sýndu mönnum hvernig flugur eru hnýttar og kynntu félagsskapinn - og margir lögðu hönd á hin ýmsu verk. Kæru Ármenn - Ég ákvað að verða ekki langorður um þessi 30 ára gömlu mál.


Ég vek athygli á þryðilegum pistlum mínum um veiðiskap og ýmislegt fleira á Rás 1 annan hvern föstudag í þættinum Útrás milli kl. 15 og 16.
Næsti pistill föstudaginn 4. apríl árið 2003. - Ragnar Hólm

**Allt til
stangveiða**
á þægilegu verði



Vilt þú gera veiðitúrinn ánægjulegri? Hjá okkur færðu græjurnar á góðu verði og allt annað verður leikur einn.

Silungaflugur frá	120,-
Straumflugur frá	160,-
Laxaflugur frá	200,-
Túbur frá	250,-
Flugustangir Arkó	
Sth, Graphite í hólki	9.900,-
Vöðlur Fladen, Neoprene 4,5 mm	8.900,-
Kaststangir frá	1.290,-
Kasthjól Fladen 6 legu	5.990,-
St.Croix stangir frá	12.900,-
St.Croix fluguhjól frá	5.990,-



**Krókar, hnýtingarefni
og margt fleira.
Sjón er sögu ríkari.**

ARKÓ
VEIÐIVÖRUR
Krókhálsi 4, 110 Reykjavík
Sími: 587 5800 • www.arko.is

Minnt er á útleigu á Árósum, góðum veislusal sem tekið hefur algjörum stakkaskiptum eftir miklar endurbætur. Leiga fyrir salinn er 18.000 kr. en að auki greiðast 5.000 kr. í tryggingagjald sem fást endurgreiddar ef menn sjá sjálfir um þrif og frágang að veisluhöldum loknum. Hafið samband við stjórn Ármanna í tæka tíð. Netfang stjórnar er armenn@armenn.is.

**Orvis
Thomas & Thomas
Scott
Royal Wulff
RIO
Scientific Anglers
G-Loomis**

**Fluguveiðivörur
Hnýtingarefni
10-15% afsláttur
til Ármanna**



**Vesturröst Laugavegi 178 105 Reykjavík
S 5516770**

Laus veiðileyfi 31. mars 2003

Svæði:	Dags:	Stangir:	Svæði:	Dags:	Stangir:
Grenlækur	31/05 - 03/06	4	Hlíðarvatn	31. júlí	3
Grenlækur	03/06 - 05/06	4	Hlíðarvatn	3. ágúst	3
Grenlækur	05/06 - 08/06	4	Hlíðarvatn	1. september	3
Grenlækur	18/06 - 20/06	4	Hlíðarvatn	2. september	3
Grenlækur	20/06 - 22/06	2	Hlíðarvatn	3. september	3
Grenlækur	30/06 - 01/07	2	Hlíðarvatn	4. september	3
Grenlækur	02/07 - 03/07	4	Hlíðarvatn	6. september	3
Grenlækur	03/07 - 04/07	4	Hlíðarvatn	8. september	3
Grenlækur	05/07 - 06/07	4	Hlíðarvatn	9. september	3
Grenlækur	06/07 - 08/07	4	Hlíðarvatn	10. september	3
Grenlækur	18/07 - 20/07	2	Hlíðarvatn	11. september	3
Grenlækur	20/07 - 22/07	4	Hlíðarvatn	15. september	3
Grenlækur	03/08 - 06/08	4	Hlíðarvatn	16. september	3
Grenlækur	06/08 - 08/08	4	Hlíðarvatn	21. september	3
Grenlækur	18/08 - 20/08	4	Hlíðarvatn	22. september	3
Grenlækur	20/08 - 22/08	4	Hlíðarvatn	23. september	3
Grenlækur	01/09 - 03/09	4	Hlíðarvatn	24. september	3
Grenlækur	03/09 - 06/09	4	Hlíðarvatn	25. september	3
Grenlækur	15/09 - 18/09	4	Hlíðarvatn	27. september	3
Grenlækur	18/09 - 20/09	4	Hlíðarvatn	28. september	3
Grenlækur	03/10 - 06/10	4	Hlíðarvatn	29. september	3
Grenlækur	14/10 - 16/10	4	Hlíðarvatn		

Ármenn héldu upp á 30 ára afmæli félagsins á dögnum. Hér birtist ræðan sem Jón Hjartarson, stofnandi félagsins, hélt í tilefni dagsins. Aðrar ræður verða birtar mönnum til fróðleiks, gagns og gamans, í næstu tölublöðum Áróðs. - Ritstjórnin

Veiðifélagið ÁRMENN þrjátíu ára.

Laugardagur 1. Mars 2003

Kæru Ármenn og afmælisbörn -

Það eru ekki allir sem skilja sálarlífíð í þessum hópi hér, sem lifir sig inn í að blekkja bleikjur og gengur syngjandi glaður út í hvaða veður sem er til að prófa síðasta tilbúninginn sinn af flugu eða lirfu.

- En við vitum að veiðistöng er meira en bara veiðitæki. Það dásamlega við veiðistöngina er nefnilega að með henni tengjumst við bæði náttúrinni og barninu sem við geymum í bringunni hið innra með okkur og eignumst einlæga og ævilanga vináttu margra manna og kvenna. Að minnsta kosti er mér svo farið í hvert sinn sem ég ræ út á Þingvallavatn frá sumarbústaðnum mínum, einsamall eða með barnabörnunum eða gömlum góðum félag, að ég verð aftur svona á að giska sex eða sjö ára.

Ég man svo vel eftir þessum hvíthærða sjö ára gamla Jóni með fyrstu veiðistöngina sína austur í Sólheimakoti í Mýrdal. Þessum geysilega áhuga og einlægu gleði - þannig að allt lyktaði af sól og silungi - líka þegar ringdi.

Ög barnið þarna í sveitinni hafði allt á hreinu. Bleikjan var auðvitað kerlingin, urriðinn karlinn, hornsílið barnið þeirra og lækjalonturnar með stóru rauðu doppurnar voru unglíngarnir.

Nú eru 58 ár síðan ég handlék þessa mína fyrstu veiðistöng og 30 ár síðan félagið Ármenn varð til.

Hvað ég man frá þessum tíma fyrir 30 árum er auðvitað upp og ofan eins og gengur, en ég get flett upp hér og þar og rifjað upp hvernig við veiðifélagarnir vorum þenkjandi og hvað fyrir okkur vakti.

Ég sé að sumarið 72 veiði ég 1044 pund af laxi, 108 stykki.

Og ég yrki töluvert um árnar og veiðiskapinn. Heilmikið ljóð um Norðurá upp á sjö erindi, þrútið af rómantik og kvæðið Ársilfur, undir Fornyrðishætti - 14 erindi um síðfræði veiðiskapar - Dagur ris yfir dali. / Dögg er á foldu. / Sit ég og sé vakna / ársilfrið bjarta. / Þegjandi þeytast / ópolinmóðir / bláskyggðir skuggar. / Skínandi.

Og margar tækifærisvísur: Fleygðu nett svo falli létt,
flugan grett og línan slétt.
Stílltu skvett þá stöng er mett,
Strengdu þétt og gleðstu rétt.

Það er áhugi á öllu sem varðar veiðar og útivist og mikil velviljuð lífsgleði.

Veiðifélagar mínir eru nákvæmlega eins - við viljum að sem flestir Íslendingar fái að njóta þeirrar dásæmdar sem Ísland hefur upp á að bjóða og að árnar og vötnin verði nokkurskonar uppeldisstöðvar fyrir fagurt hugarfar og virðingu fyrir náttúru landsins okkar.

Þetta eru tímar velmegunar og góðæris og það er ýmislegt að breytast í stangveiðimálum og þessar breytingar eru örur og ekki allar til bóta að áliti margra.

Sumum finnst engu líkara en að gæði Íslands séu til sölu. Útlendingar hafa náð undir sig, eða kaupa upp öll leyfin á bestu tímumum í Vatnsdalsá, Miðfjarðará, Þverá, Laxá í Dölum, Svartá,